

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022, starfsemi á landbúnaðarsvæðum.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 4. september 2012 breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022, sem samþykkt var í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar þann 5. júlí 2012. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst þann 17. ágúst 2012.

Í breytingunni er gert ráð fyrir viðaukum við tvær málsgreinar í kafla 4.8.2 „Starfsemi á landbúnaðarsvæðum“. Viðaukar eru gerðir við málsgreinarnar „frístundahús“ og „íbúðarhús“. Í viðaukunum felst að ef stofnuð verða ný lögbýli (15 ha eða stærri) eftir að aðalskipulagið tók gildi hafa þau sömu réttindi og fyrirliggjandi lögbýli. Samkvæmt „íbúðarhúsa“ viðauka er hægt að reisa allt að 3 íbúðarhús sem ekki eru tengd búrekstri og samkvæmt „frístundahúsa“ viðauka er hægt að byggja allt að þrjú frístundahús á lögbýli.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 4. september 2012.

Stefán Thors.

Erna Hrönn Geirsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 18. september 2012